

184

23. okt.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 35 2. marz 1943, um breyting á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

16. tölul. 1. gr. orðist svo:

Hjaltadalsvegur frá Hólum að Reykjum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Eyrarvegur, þ. e. vegurinn frá kolageymsluhúsi Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki norður að Hafnarhúsi á Eyrinni, telst sýsluvegur, svo lengi sem hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps krefst ekki til eigin ráðstöfunar þess hluta vegaskattsins, sem hreppnum er heimilaður til eigin afnota samkv. 5. gr. laga nr. 102 frá 1933.

Til þessa vegar skal eingöngu varið framangreindu fé, þ. e. þeim hluta vegaskattsins, sem Sauðárkrókshreppur á kröfurétt til, ásamt því fé, er rikissjóður leggur á hverjum tíma móti þessu fjárframlagi, og má ekki ráðstafa því til annarra sýsluvega.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. október 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

185

24. okt.

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalda af tilbúnum gosdrykkjasöftum.

Samkvæmt heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 62 1939, sbr. 3. gr. laga nr. 6 1945, hefur ráðuneytið ákveðið, að meðan ákvæði auglýsingar nr. 74 1943 eru í gildi, skuli fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, tolla tilbúin gosdrykkjasöft, sem teljast til nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar, með 7 aura vörumagnstolli af kg og 10% verðtolti, enda reki viðtakandi innlenda tollvörugerð, þar sem úr söftunum er framleidd vörutegund, sem af ber að greiða tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að saftirnar verði notaðar til tollvörugerðar.

Með auglýsingu þessari er úr gildi numin fyrirmæli auglýsingar nr. 98 1945, um lækkun aðflutningsgjalda af lituðu sykurvatni með kjörnum.

Fjármálaráðuneytið, 24. október 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.